

SVEITARFÉLAGIÐ  
SKAGASTRÖND  
2024



Skagaströnd 1. janúar 2025

Áramótin eru tími endurskoðunar og vonar þar sem við lítum yfir farinn veg með þakklæti fyrir það sem hefur áunnist, lærum af reynslunni og snúum okkur af einurð að því sem framundan er.

Á árinu sem er að líða höfum við lagt okkur fram við að efla samfélagið okkar, styrkja innviði og skapa spennandi tækifæri fyrir framtíðina.

Eftir fæðingarorlof var það mér sérstök ánægja að snúa aftur til starfa og taka þátt í öllum þeim mikilvægu verkefnum sem við höldum áfram að vinna að með okkar frábæra starfsfólki og kraftmiklu íbúum sem gera Skagaströnd að einstökum stað til að lifa og starfa á.


Við skulum nýta nýja árið til að halda áfram að byggja á þeim sterka grunni sem við höfum lagt. Með samstöðu, gleði og skýrri framtíðarsýn getum við skapað enn betra samfélag fyrir alla.

Hér fylgir stutt samantekt á fjölbreyttum verkefnum og viðburðum sem áttu sér stað á Skagaströnd á síðasta ári. Hún nær yfir bæði stór og smá verkefni sem unnið var að, þó hún sé ekki tæmandi – enda er margt spennandi að gerast. Markmiðið er að gefa innsýn í starfið innan sveitarfélagsins, bæði til fróðleiks og skemmtunar.

Ég vona að þið njótið lestursins og þess myndefnis sem fylgir.

Alexandra Jóhannesdóttir  
Sveitarstjóri

Hér má sjá teikningu af göngustígnum sem hannaður var af ESJA ARCHITECTURE og reistur verður á Spákonufellshöfða á árinu.





LITAGLEÐI YFIR SPÁKONUFELLI Á NÝÁRSDAG  
Mynd: Jonni Þorvaldar

# UPPBYGGING Á SPÁKONUFELLSHÖFÐA

Snemma hausts 2023 var hafist handa við að reisa fuglaskoðunarhús á Spákonufellshöfða. Húsið er hannað af Auði Hreiðarsdóttur hjá ESJA Architecture.

Heimamennirnir hjá Verk lausn sáu um framkvæmdina með liðsinni ESJA og Stoð verkfræðistofu á Sauðárkróki.

Haldin var nafnasamkeppni og bárust alls 48 tillögur. Nafnið Kristall varð fyrir valinu og átti Arnór Tumi Finnsson tillögu að nafngiftinni. Húsið var opnað formlega þann 30 maí sl.

Á árinu hlaust 41,1 millj. styrkur úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til að hanna og útbúa göngustíg að útsýnispalli með aðgengi fyrir alla. Stígurinn verður 320 m langur og fylgir reglum um algilda hönnun. Við enda stígsins verður komið upp skilti með fræðslu um gamla bryggju sem útsýnispallurinn stendur á og önnur iðnaðarmannvirki sem áður stóðu á Höfðanum. Við gerð stígsins verður eldri stígur í halla ofar í landslaginu lagður niður og gamalt malarplan afmáð.

Sveitarfélagið hefur nú alls fengið um 70 millj. úr Framkvæmdasjóði síðan 2022 til uppbyggingar á Höfðanum og verður stígurinn og útsýnispallur kláraður á árinu 2025.








FUGLASKOÐUNARHÚSIÐ KRISTALL

# SORPMÁL

Sveitarfélagið fór í sorpútboð 2023 og var Terra umhverfisþjónusta lægstbjóðandi.

Samþykkt var að ganga til samninga við Terra en gera breytingar á tíðni hreinsana og fækka liðum sem semja átti við Terra um m.a. er varðar meðhöndlun á málmum og hjólbörðum.



Lagt var upp með að taka síðan í notkun þriggja tunnuna kerfi með innra hólfu fyrir lífúrgang og halda kynningarfund fyrir íbúa varðandi nýtt flokkunarkerfi áður en breytingar yrðu innleiddar.

Verkefnið hefur tafist og leitað hefur verið leiða til þess að lækka kostnað við breytt flokkunarkerfi þar sem kostnaðaraukning við breytingarnar er veruleg. Er sú vinna yfirstandandi. Vonir standa til þess að hægt verði að innleiða nýtt kerfi árið 2025.



ÚTSÝNIÐ ÚR KRISTALNUM



VINNUSKÓLINN VANN FRÁBÆRT STARF Á ÁRINU OG  
VÖKTU ÞESSAR LITRÍKU OG SKEMMTILEGU RUSLAFÖTUR  
VERÐSKULDAÐA ATHYGLI







## HÚSNÆÐISÁÆTLUN OG BYGGING ÍBÚÐA Á RÁNARBRAUT

Sveitarfélagið samþykkti nýja húsnæðisáætlun snemma árs 2024. Samkvæmt áætluninni er talið æskilegt að byggja 6-17 íbúðir á árunum 2024-2033 en áætluð íbúðapörf tekur breytingum í takt við íbúðapróun. Á grundvelli áætlunarinnar var byrjað að reisa fjórar íbúðir árið 2024 á Ránarbraut í samvinnu við Brák íbúðafélag en sveitarfélagið lagði fram stofnframlag til verkefnisins en framlagið er alls 12% af heildarbyggingarkostnaði sem nemur um 205 millj. og framlag sveitarfélagsins því um 25 millj. sem eru lagðar til verkefnisins í formi gatnagerðargjalda, fráveitu- og vatnsveitugjöldum sem og beinum fjárframlögum. Íbúðapörfin er endurmetin árlega við endurskoðun Húsnæðisáætlunarinnar.



## ÖRUGGARA NORÐURLAND VESTRA

Sveitarfélagið undirritaði á árinu samstarfsyfirlýsing um öruggara Norðurland vestra þar sem fram kemur að Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra, Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi, Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Fjölbautaskóli Norðurlands vestra, Ungmennasamband Skagafjarðar, Ungmennasamband Austur-Húnvetninga, Ungmennasamband Vestur-Húnvetninga og sveitarfélögin Skagafjörður, Skagaströnd, Húnabyggð og Húnaþing vestra hafa ákveðið að vinna saman gegn ofbeldi, öðrum afbrotum og til að stuðla að bættri þjónustu fyrir jaðarsetta hópa með sameiginlegum markmiðum og aðgerðum, sem byggðar eru á svæðisbundnum aðstæðum. Var yfirlýsingin staðfest á fundi sveitarstjórnar í mars.




## ÚTBOÐ Á TRYGGINGUM

Ráðist var í útboð á tryggingum sveitarfélagsins í apríl sl. með það fyrir augum að bæta tryggingar og lækka kostnað. Alls bárust fjögur tilboð í tryggingarnar frá Sjóvá, TM, VÍS og Verði. Sveitarfélagið samþykkti að ganga til samninga við VÍS sem átti lægsta boð og var gengið frá samningum á árinu.

## VIÐBYGGING VIÐ VERKNÁMSHÚS FNV

Sveitarfélagið undirritaði í apríl samning um aðild að byggingu nýs verknámshús FNV en samningurinn gerir ráð fyrir stækkun verknámshúss um allt að 1400 fm. Kostnaðarskiptingin milli ríkis og sveitarfélaga er á þann veg að ríkið greiðir 60% og sveitarfélögin 40%. Ekki er ljóst hvenær ráðist verður í framkvæmdina.







## ENDURBYGGING ÁSGARÐS

15. janúar 2024 var undirritaður verksamningur við Borgarverk ehf um endurbyggingu Ásgarðs.

Áætluð verklok voru í desember 2024 en munu verklok teygjast fram á vor. Góður gangur hefur þó verið í verkinu og framkvæmdir vel heppnaðar.

Það hefur verið krökkt af hinum ýmsu vinnuvélum á höfninni í vetur og hafa íbúar og gestir haft gaman af því að fylgjast með framkvæmdunum.

Næsti áfangi verks verður boðinn út snemma árs 2025.







NÝTT TRAMPOLÍN Á LEIKSKÓLALÓÐ







## SKAGASTRANDARHÖFN


Það var mikið um að vera á höfninni á nýliðnu ári.

Suðurnesjamenn, ásamt fleiri góðum gestum hafa nýtt Skagastrandarhöfn umtalsvert til landana og munar þar mikið um skip Vísis hf sem hafa verið tíðir gestir hjá okkur. Þjónustan á höfninni er góð, fiskmarkaðurinn öflugur og tiltölulega stutt að sækja á gjöful fiskimið.

Strandveiðitímabilið stóð yfir frá byrjun maí 2024 framundir miðjan júlí 2024 og lönduðu um 30 bátar á höfninni. Síðustu bátarnir lönduðu 17. júlí.

Árið 2024 voru alls 1400 landanir skráðar á og nam heildarafli 7.669 tonnum.



Ráðast þurfi í lagfæringar á slippnum nokkrum sinnum á árinu og var Vélaverkstæði Skagastrandar fengið til verksins ásamt Vilhemi Harðarsyni sem starfar hjá sveitarfélaginu og fékk tækifæri til að klæðast þessum glæsilega klæðnaði við verkið.



## Túnbraut 1-3

Ráðist var í ýmist verkefni tengd Túnbraut 1-3 ár árinu. Fyrsta hæð hússins var tekin í gegn og flutti Landsbankinn inn í maí.

Samhliða þeim breytingum sem gerðar voru á húsnæðinu fyrir Landsbankann var útbúið skrifstofurými á fyrstu hæð til útleigu og flutti Léttitækni til okkar um miðjan september.




Ákveðið var að setja efstu hæð hússins á sölu og var kauptilboð Regus í hæðina samþykkt síðasta haust. Með opnun Regus á Skagaströnd skapast ný tækifæri til þess að hýsa mismunandi störf í sveitarfélaginu bæði í opinbera- og einka geiranum. Samhliða aukast einnig atvinnutækifæri þeirra sem vilja búa og starfa á Skagaströnd.

Regus fær húsnæðið afhent í janúar 2025 og hefjast framkvæmdir með vorinu. Það er því líf og fjör á Túnbrautinni sem er nú heimili sveitarfélagsins, Greiðslustofu VMST, Landsbankans, Léttitækni og Regus!

# SÍLDARVERKSMIDJAN HÓTEL

Á fundi sveitarstjórnar í maí var sveitarstjóra falið að undirrita gjafaafsal vegna Hafnarlóðar 9 til Fasteignafélagsins Þingeyrar ehf. háð ákveðnum skilyrðum og takmörkunum, m.a. að framkvæmdir við hótél hefjist innan tveggja ára.



Á fundi sveitarstjórnar í desember voru síðan lagðar fram tillögur að nýju útliti hótelsins sem hannað er af Trípólí arkitektum. Þar er gert ráð fyrir stækkun á núverandi byggingu.

Unnið er að aðaluppdrætti á grunni þeirra teikninga sem lagðar voru fram og mun verkefnið fara í skipulagsferli hjá sveitarfélaginu þegar aðaluppdráttur liggur fyrir.





REGNBOGASTÉTTIN FÉKK  
YFIRHALNINGU Í SUMAR





## ÍPRÓTTAHÚS OG SUNDLAUG


Góð aðsókn hefur verið í bæði íþróttahús og sundlaug Skagastrandar síðasta árið.

Alls voru um 4000 heimsóknir í líkamsræktarstöðina okkar og um 5500 heimsóknir í sundlauginna.

Starfsfólk íþróttahúss og sundlaugar hefur staðið vaktina sem fyrr og hefur verið hægt að sækja alls kyns heilsueflandi afþreyingu í íþróttahúsið síðasta árið.

Badminton hefur verið vinsælt að vanda og við það hefur m.a. bæst pílukast og pokavarp sem hefur verið vel sótt seinni part árs.

Krílin okkar hafa svo verið dugleg að mæta í Krílasport í íþróttahúsinu á laugardögum og verður vonandi áfram góð mæting á nýju ári.








## GÓÐAR GJAFIR TIL SVEITARFÉLAGSINS

Sveitarfélagið fékk veglegar og góðar gjafir á árinu.

Minningarsjóðurinn um hjónin frá Garði og Vindhæli gaf Íþróttahúsinu á Skagaströnd fjögur Unicorn pílukastsett af bestu gerð með öllum tilheyrandi búnaði. Gerð hefur verið glæsileg aðstaða í íþróttahúsinu fyrir pílukast sem hefur verið að ryðja sér til rúms á síðustu misserum og nýtur mikilla vinsælda þeirra sem það stunda. Það hefur sýnt sig að allir aldurshópar, bæði ungir og gamlir, geta tekið þátt í pílukasti sér til ánægju og gleði.

Í desember fékk sveitarfélagið svo góða gjöf frá Maruska, S5 verk, ÍPJ og Skógræktarfélagi Skagastrandar. Hópurinn gaf jólatré við Hólaneskirkju og jólaseriur sem skreyta nú tréð við kirkjuna og Hnappstaðatún og lýsa upp vetrarmyrkið sem ríkir yfir háveturinn. Sveitarfélagið þakkar kærlega fyrir þessar góðu gjafir.









# LITLA JÓLATRÉÐ Á HNAPPSTAÐATÚNI SETT UPP





SSNV og sveitarfélagið hlutu 15 millj. króna styrk til að skapa samvinnurými á Skagaströnd og undirrituðu samning þess efnis í apríl. Forsenda verkefnisins er að Oddagata 12 verði standsett og búið verði til rými fyrir léttan iðnað í hluta hússins og aðstaða fyrir frumkvöðla og minni fyrirtæki í öðrum hluta þess. Nú þegar hafa aðilar sýnt aðstöðunni áhuga til framleiðslu á fullbúnum timburhúsum til flutnings. Mun styrkurinn því vonandi verða til þess að störf skapast á Skagaströnd á næstu misserum og húsnæðið fái nýtt hlutverk.





## BARNABÓL

Barnaból á Skagaströnd er Hjallastefnuleikskóli og hefur verið það síðan 2013. Þar stíga okkar yngstu íbúar sín fyrstu sjálfstæðu skref fjarni foreldrum sínum.

Þjónusta skólans við börn og foreldra er framúrskarandi og í könnun Skólapúlsins 2024 var 100% ánægja með leikskólann. Það er sama niðurstaða og í síðustu könnun frá 2022 sem getur ekki talist annað en frábær árangur.

Skor skólans eru há og yfir landsmeðaltali í öllum matsþáttum Skólapúlsins.

Við sem samfélag erum afskaplega lánsöm með góða leikskólann okkar og þann dásamlega starfsmannahóp sem þar starfar.



LEIKSKÓLINN BARNABÓL








## HÖFDASKÓLI

Við Skagstrendingar getum svo sannarlega verið stolt af því starfi sem unnið er í Höfðaskóla, grunnskóla sveitarfélagsins.

Skólastarfið er metnaðarfullt og fjölbreytt þökk sé frábæru starfsfólki og fá nemendur að spreyta sig á margvíslegum verkefnum samhliða hefðbundnu skólastarfi.

Á síðasta ári voru m.a. haldnar Menntabúðir, krakkarnir skelltu sér í heimsókn í Nes listamiðstöð, fóru í fjöruferð, lærðu að baka kleinur, tíndu rusl í bænum, tóku viðtal við Herra Hnetusmjör, gáfu út skólablað og skelltu sér á Samfés svo fátt eitt sé nefnt.

Skólinn heldur úti heimasíðu sem er stútfull af fróðleik og er hún uppfærð oft í viku. Áhugasamir geta kynnt sér skólastarfið á síðunni [www.hofdaskoli.is](http://www.hofdaskoli.is)









TRÚÐAR Á YNGSTA STIGI








## SÆBORG

Á Hjúkrunarheimilinu Sæborg er gott að eldast og hlúir starfsfólk heimilisins að íbúum af mikilli alúð og natni.

Stjórn Félags- og skólaþjónustu A-  
Hún tók á fundi sínum í október  
ákvörðun um að segja upp samningi  
byggðasamlagsins við  
Sjúkratryggingar Íslands og  
Heilbrigðisráðuneytið vegna  
reksturs á Sæborg.



Var ákvörðunin tekin að vel  
ígrunduðu máli enda ekki  
forsvaranlegt að sveitarfélögin sem  
að rekstrinum standa haldi áfram að  
greiða tugi milljóna með rekstrinum  
árlega þegar verkefnið er ekki á  
ábyrgð sveitarfélaga lögum  
samkvæmt.

Gott samtal hefur verið við ríkið  
um yfirfærslu á rekstrinum og  
standa væntingar til þess að  
samið verði við nýjan rekstraraðila  
snemma árs 2025.



## BÓKASAFN SKAGASTRANDAR

Bókasafnið okkar var sem áður rekið af mikilli elju og var safnið vel nýtt af fastagestum sem og nýjum vinum.

Alls voru keyptar 239 bækur á árinu og ætti því eitthvað að leyvast fyrir alla á safninu.

Nemendur Höfðaskóla sjást hér á mynd mjög áhugasamir um bókakynningu bókavarðar í Höfðaskóla.

## FÉLAGSSTARF Í FELLSBORG

Breytingar urðu á félagsstarfi aldraðra þegar Ásthildur og Obba létu af störfum síðasta vor eftir áratuga langt starf fyrir sveitarfélagið og Alexandra Ósk tók við. Félagsstarfið hefur verið vel sótt og höfum við boðið vinum okkar í Húnabyggð velkomna í starfið sem fyrr.





Hólaneskirkja í sólsetrinu  
Mynd: Helena Mara Velemir

GLEÐILEGT NÝTT ÁR!